

Hlíð ferðaþjónusta ehf.  
Hraunbrún  
660 Mývatn

Reykjavík, 6. mars 2020  
UST202002-326/H.H.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Reykjahlíð - bygging gistiskála**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Hlíð ferðaþjónustu ehf., dagsett 21. febrúar 2020, um leyfi fyrir byggingu á þruggja gistiskála innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðeita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

#### **Lýsing verkefnis:**

Um ræðir þrjá 60m<sup>2</sup> gistiskála sem eru á stöðuleyfi. Húsin voru reist við flugvöllinn í gamalli malargryfju. Framkvæmd er lokið og er skv. deiliskipulagi. Í húsunum er gistiaðstaða fyrir átta manns, snyrtningar og sturtur. Húsin eru á steyptum undirstöðuklossum, klædd timbri að utan og sett risþak á einingarnar

#### **Umsagnir:**

Í samræmi við 17 gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnun Íslands þann 24. febrúar 2020 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrufræðistofnun Íslands barst þann 24. febrúar 2020. Í umsögninni kemur fram að Náttúrufræðistofnun telji að byggingar á þessu svæði, í samræmi við samþykkt deiliskipulag, komi ekki til með að skerða verndarsvæði Mývatns og Laxár ef séð er til þess að þær hafi verið reistar samkvæmt skipulaginu og að rekstur þeirra, þ.m.t. með tilliti til mengunarvarna, sé eins og gert var ráð fyrir. Náttúrufræðistofnun tekur ekki afstöðu til þess hvort eða með hvaða hætti á að gefa út byggingarleyfi eftir á, enda hefur stofnunin ekki eftirlitshlutverk á svæðinu eða um þetta atriði en ítrekar að tryggt sé að farið sé að ítrustu kröfum t.d. um mengunarvarnir og vernd landslags á verndarsvæðinu.

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn Íslands þann 24. febrúar 2020 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn barst ekki.

**Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun telur að húsin hafi ekki neikvæð áhrif á upplifun fólks á svæðinu og með bættum fráveitulausnum er dregið úr áhrifum á lífríki. Húsin sem um ræðir standa á röskuðu landi í umhverfi sem einkennist af umsvifum ferðaþjónustunnar.

Unnið er að úrbótum á meðferð skólps á svæðinu í samræmi við Úrbótaáætlun Skútustaðahrepps frá árinu 2018 en þar er gert ráð fyrir að Hlíð ferðaþjónusta taki í notkun svartvatnstank á árinu 2020.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Hlíð ferðaþjónustu fyrir sitt leyfi fyrir byggingu gistiskálana innan verndarsvæði Mývatns og Laxár sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Vandað skal við frágang á svæðinu.
- Gæta skal þess að framkvæmdir sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Efnisval og útlit skal vera í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Ganga skal snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágútsdóttir  
forstjóri

  
Davíð Örvar Hansson  
sérfræðingur